



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 8. júní 2021
2106089/610.00 AKG

Efni: Kársnes ehf. Borgarholtsbraut 19, umsögn um tímabundið áfengisleyfi.

Með bréfi dags. 12. maí 2021 óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar vegna umsóknar Kársnes ehf. kt. 560119-2830, um tímabundið áfengisleyfi vegna 17. júní hátíðarhalds sem verða í Brauðkaup, þann 16. júní og 17. júní 2021 frá kl. 17:00 til kl. 23:59 að Borgarholtsbraut 19, 200 Kópavogi skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 30. gr. rgl. nr. 1277/2016.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn sem umsagnaraðili að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Um afgreiðslutíma áfengis vísast til lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Staðsetning staðar er á svæði sem er skilgreint verslun og þjónusta skv. aðalskipulagi.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag en umbeðin afgreiðslutími samkvæmt umsókn er lengri en ákvæði 2. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015, gerir ráð fyrir. Óskað er eftir opnun til kl. 23:59, en lögreglusamþykkt gerir ráð fyrir opnun til kl. 23:00 á umfangslitum áfengisveitingastöðum. Sveitarstjórn hefur heimild til þess að samþykkja lengri opnunartíma.

Undirrituð mælir með að veitt verði jákvæð umsögn.

Virðingarfyllst,

f.h. lögfræðideildar Kópavogs
Líný Dan Gunnarsdóttir
laganemi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026